


**Samantekt á útfluttum bleikjuafurðum  
árin 1993 og 1994**

**Jón Örn Pálsson**

Hólum, Mars 1995

VMST/N-95008



**Veiðimálastofnun  
Norðurlandsdeild**  
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur  
Sími: 95-36599  
Fax: 95-36672

## INNGANGUR

Framleiðsla á bleikju hefur vaxið mikið síðustu ár (mynd 1) og er hún að stórum hluta seld á erlendum mörkuðum. Fjölmargir aðilar héraendis hyggjast hefja bleikjueldi eða auka núverandi umsvif og því er fyrirséð að framleiðslan mun aukast enn frekar á komandi árum. Því er mikil þörf fyrir upplýsingar um sölumál, sérstaklega varðandi eftirspurn og verðþróun, sem er frumforsenda áætlanagerðar og uppbyggingar í atvinnugreininni.

Í þessari samantekt verður ekki lagt mat á eftirspurn eftir einstökum afurðum, því slíkar upplýsingar fást aðeins með markvissu markaðsstarfi. Hér eru aðeins birtar upplýsingar um magn og verð útfluttra bleikjuafurða frá íslenskum eldisstöðvum árin 1993 og 1994 og leitast með því við að varpa nokkru ljósi á markaðinn. Upplýsingarnar er að finna í Verslunarskýrslum Hagstofu Íslands. Miðað við áætlað þyngdartap við slægingu og flökun má ætla að árið 1993 hafi 75% heildarframleiðslunnar verið seld á erlendum mörkuðum og árið 1994 hafa hlutfallið aukist í 89%. Í Verslunarskýrslum eru úfluttar bleikjuafurðir skráðar undir fjórum eftirfarandi tollnúmerum:

Flokkur (eigin flokkun)	Tollsnúmer	Tollheiti afurða
I	0302-1101	Ferskur heill eldissilungur (bleikja)
II	0302-1900	Annar ferskur heill laxfiskur (bleikja)
III	0304-1032	Fersk silungsflök
IV	0304-2037	Önnur landfryst silungsflök (bleikja)

Fersk heil bleikja (slægð með haus) er seld undir tveimur vöruheitum (flokki I og II) án þess að augljós ástæða sé fyrir því. Þar virðist vanta samræmi milli útflytjenda. Bleikja sem er seld í flokki I er yfirleitt stærri en bleikja í flokki II, en það skýrir að nokkru leyti verðmuninn milli flokkanna. Með tilkomu EES-samningsins ber bleikja í flokki II lægri tolla en í flokki I í löndum Evrópubandalagsins. Í flokki III eru skráð fersk bleikjuflök og flokkur IV er fyrir fryst bleikjuflök. Aðrar vörur en bleikja

voru í nokkrum tilvikum skráðar undir þessum tollnúmerum, en tekist hefur að leiðrétta slíkar villur við nánari skoðun gagnanna.

Í flestum tilvikum er bleikjan seld á cif-verði, þ.e. seljandi greiðir tryggingar og flutning á vörunni til kaupanda erlendis, en kaupandi greiðir hins vegar innflutningstolla ef þörf er. Fob-verð er reiknað út frá áætluðum flutningskostnaði, sem kemur fram í tollskýrslum, en yfirleitt er lítill munur á áætluðum flutningskostnaði og raunkostnaði við flutning. Oftast er fiskurinn fluttur með flugi á erlenda markaði og því er fob-verð í Keflavík raunhæfur mælikvarði á verð milli einstakra landa. Við samanburð milli ára þarf að taka mið af gengisþróun (tafla 1). Til að fá fram raunverulegt skilaverð til greiðslu á framleiðslukostnaði þarf að draga frá fob-verði umboðslaun, umbúðir, flutningskostnað innanlands og slátur-/pökkunarkostnað.

### **Fersk heil bleikja.**

Útflutningur á bleikju, skráður undir tollflokkum I og II, hefur aukist úr 215,2 tonnum í 265,9 tonn milli árána 1993-1994, sem er um 23,5% aukning. Á sama tíma jukust útflutningsverðmæti fyrir þessa afurð úr 81,2 millj. í 101,6 millj, sem nemur 25,1% hækkun. Þetta samsvarar því að verð fyrir ferska bleikju hefur hækkað að meðaltali úr 377,2 kr/kg í 382,0 kr/kg, (1,3 %) milli ára (tafla 2). Þessi hækkun er nokkuð minni en breyting á gengi gjaldmiðla í viðskiptalöndunum (tafla 1).

Stærstu markaðirnir fyrir ferska heila bleikju eru í Bandaríkjunum, Bretlandi og Holland og hefur útflutningur til Bandaríkjanna og Hollands aukist nokkuð milli ára en dregist lítilega saman til Bretlands (tafla 2ab). Til Bretlands og Hollands er seldur fiskur af tveimur gæðaflokkum (superior og ordinary), og er verðið samsett stærð þessara gæðaflokka. Samkvæmt upplýsingum útflytjenda er annars flokks fiskur (ordinary) 25% verðminni en fyrsta flokks vara (superior). Mikilvægt er að hafa þetta í huga þegar gerður er samanburður á verði milli markaða.


Yfirlit yfir sölur í einstökum mánuðum sýnir að salan dreifist jafnar yfir árið í flokki I en í flokki II (mynd 2a og 3a). Hins vegar er verðið

tiltölulega stöðugt yfir árið (mynd 2b og 3b) og lítið samhengi er milli verðs og magns. Til að skoða þetta nánar eru teknar saman upplýsingar fyrir tvo stærstu markaðina í Bandaríkjunum og Hollandi (mynd 4ab). Þar koma fram greinilegri sveiflur í seldu magni milli mánaða til Hollands en til Bandaríkjanna. Óljóst er að hve miklu leyti þessar sveiflur stafa af framboði og/eða eftirspurn.

### **Bleikjuflök.**

Bleikjuflök eru seld bæði fersk og frosin. Fersk flök eru yfirleitt seld í stórum pakkningum (5 kg), er frosin flök eru fullunnin í neytendapakningar.

Mikil aukning var á sölu þessara afurða milli áráanna 1993 og 1994. Útflutningur á ferskum flökum jókst um tæp 71% og 115 % söluaukning varð á frosnum flökum (tafla 4 og 5). Á sama tíma var raunvirðishækkun á ferskum flökum en verð á frosnum flökum stóð í stað. Stærstu markaðirnir fyrir fersk flök eru í Hollandi, Þýskalandi og Sviss, nokkur samdráttur hefur orðið í sölu til Bandaríkjanna. Belgia er stærsti markaðurinn fyrir frosin flök, en einnig er nokkur sala til Sviss. Ennþá er salan nokkuð ójöfn yfir árið (mynd 5 og 6), enda hér um tiltölulega nýja afurð að ræða á flestum mörkuðum. Fyrirséð er mikil vörupróun á bleikjuafurðum og benda þessar upplýsingar til að útflytjendur séu stöðugt að sækja á nýja markaði.



Mynd 1. Bleikjuframleiðsla (sláturafurðir) úr íslenskum eldisstöðvum.  
Heimild: Veiðimálastofnun

Tafla 1. Meðalgengi gjaldmiðla í algengustu viðskipta-  
löndum fyrir útfluttar bleikjuafurðir frá Íslandi.  
Heimild: Seðlabanki Íslands

Land	1993	1994	% breyting
Bandaríkin	67,740	69,830	3,09
Bretland	101,660	106,960	5,21
Frakkland	11,938	12,607	5,60
Þýskaland	40,910	43,120	5,40
Holland	36,420	38,450	5,57
Belgía	1,956	2,093	6,96
Sviss	45,860	51,190	11,62

Tafla 2. Útflutningur og meðalverð fyrir ferska heila bleikju til einstakra landa 1993 og 1994, sundurliðað fyrir tollnr: 0302-1101 (a) og 0302-1900 (b)

a) **Tollnr: 0302-1101**

	1993		1994		Breyting í magni %	Breyting í verði %
	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)		
Bandaríkin	90,9	411,2	123,2	430,6	35,5	4,7
Bretland	60,6	342,2	54,7	326,5	-9,7	-4,6
Frakkland	3,0	313,7	1,8	495,2	-40,0	57,9
Holland	-	-	-	-	-	-
Þýskaland	3,7	440,3	4,4	410,4	19,9	-6,8
Önnur lönd	7,6	399,3	16,7*	279,1	131,6	-30,1
Samtals pr ár	tonn	millj.	tonn	millj.	%	%
	165,8	63.676	200,9	78.296	21,2	23,0
Meðalverð	<b>383,4 kr/kg</b>		<b>389,8 kr/kg</b>		<b>1,30%</b>	

b) **tollnr: 0302-1900.**

	1993		1994		Breyting í magni %	Breyting í verði %
	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)		
Bandaríkin	5,4	408,1	2,9	445,9	-47,0	9,2
Bretland	-	-	4,9	375,8	-	-
Frakkland	-	-	0,0	393,4	-	-
Holland	31,6	347,4	43,2	357,9	36,8	3,0
Þýskaland	9,5	358,3	7,7	371,3	-19,0	3,6
Önnur lönd	2,9	316,9	6,3**	286,3	117,2	-9,7
Samtals pr ár	tonn	millj.	tonn	millj.	%	%
	49,4	17.504	65,0	23.256	31,5	32,9
Meðalverð	<b>354,3 kr/kg</b>		<b>357,9 kr/kg</b>		<b>0,96%</b>	

\*) þar af 10,7 tonn til Noregs fyrir 212 kr/kg



\*\*\*) þar af 2,9 tonn til Finnlands fyrir 278 kr/kg

Tafla 3. Samantekt yfir útflutning á ferskri heilli bleikju (tollnr: 0302-1101 og 0302-1900) fyrir árin 1993 og 1994.

	1993		1994		Breyting í magni %	Breyting í verði %
	Magn (tonn)	Verðmæti (millj.)	Magn (tonn)	Verðmæti (millj.)		
	215,2	81.180	265,9	101.552	23,5	25,1
Meðalverð	<b>377,2 kr/kg</b>		<b>382,0 kr/kg</b>		<b>1,26 %</b>	

# Útflutt fersk heil bleikja (slægð)



Tollnúmer: 0302-1101



Mynd 2 ab. Útflutt magn (a) og meðalverð (b) í einstökum mánuðum fyrir tollnr: 0302-1101 (ferskur heill eldissilungur) árin 1993 og 1994.

# Útflutt fersk heil bleikja (slægð)



Tollnúmer: 0302-1900



Mynd 3 ab. Útflutt magn (a) og meðalverð (b) í einstökum mánuðum fyrir tollnr: 0302-1900 (annar ferskur heill laxfiskur) árin 1993 og 1994.



## Útflutt fersk heil bleikja (slægð)



Mynd 4 ab. Útflutningur og meðalverð í einstökum mánuði fyrir ferska heila bleikju á tveimur stærstu mörkuðunum; Bandaríkjunum (a) og Hollandi (b).

Tafla 4. Útflutningur og meðalverð fyrir fersk bleikjuflök til einstakra landa árin 1993 og 1994.

**tollnr: 0304-1032.**


	1993		1994		Breyting í magni %	Breyting í verði %
	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)		
Bandaríkin	4,0	430,0	2,5	466,7	-37,2	8,5
Bretland	-	-	0,5	274,7	-	-
Frakkland	1,1	590,9	0,1	510,7	-94,1	-13,6
Holland	1,6	503,8	4,0	608,2	147,4	20,7
Þýskaland	1,5	708,0	4,9	718,5	227,8	1,5
Belgía	0,3	686,7	0,9	622,0	211,3	-9,4
Sviss	1,4	845,0	4,0	809,8	183,9	-4,2
Önnur lönd	-	-	0,04	296,5		
Samtals pr ár	tonn	millj.	tonn	millj.	%	%
Meðalverð	9,9	5.627	16,9	11.098	70,8	97,2
	<b>563,0 kr/kg</b>		<b>656,1 kr/kg</b>		<b>16,50%</b>	

Tafla 5. Útflutningur og meðalverð fyrir fryst bleikjuflök til einstakra landa árin 1993 og 1994.


**tollnr: 0304-2037.**

	1993		1994		Breyting í magni %	Breyting í verði %
	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)	Magn (tonn)	Fob-verð (kr/kg)		
Belgía	3,5	758,6	10,5	805,4	198,7	6,2
Sviss	-	-	2,7	819,1	-	-
Frakkland	-	-	0,8	680,3	-	-
Danmörk	-	-	0,9	176,0	-	-
Samtals pr ár	tonn	millj.	tonn	millj.	%	%
Meðalverð	3,5	2.655	14,9	11.362	115,0	327,9
	<b>750,5 kr/kg</b>		<b>763,3 kr/kg</b>		<b>1,7 %</b>	

## Útflutt bleikjuflök



Mynd 5. Útflutningur og meðalverð í einstökum mánuði fyrir fersk bleikjuflök (tollnr: 0304-1032) árin 1993 og 1994.



Mynd 6. Útflutningur og meðalverð í einstökum mánuði fyrir frosin bleikjuflök (tollnr: 0304-2037) árin 1993 og 1994.